

# Leikurinn „Teiknaðu orðið“

Þeir sem eru ekki listamenn mega líka vera með!

**MÁLEFNI**



ALMENN MANNRÉTTINDI



FJÖLMIÐLAR



BORGARAVITUND

---

**PYNGDARSTIG**

STIG 4  
STIG 3  
STIG 2  
**STIG 1**

STIG 1

---

**HÓPSTÆRÐ**



8+

---

**TÍMI**



45 MÍNÚTUR

<b>Málefni</b>	Almenn mannréttindi, fjölmiðlar, borgaravitund
<b>Þyngdarstig</b>	Stig I
<b>Hópstærð</b>	8+
<b>Tími</b>	45 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Þetta er leikur þar sem þátttakendur eiga að nota frumlegar teikningar til að lýsa orði sem tengist mannréttindum.
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til skoðana- og tjáningarfrelsis.</li> <li>• Rétturinn til hugsanafrelsis.</li> <li>• Jöfnuður að virðingu og réttindum.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að kynna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.</li> <li>• Að efla liðsanda og frjóa hugsun og vitund um það hvernig við notum myndir.</li> <li>• Að stuðla að samstöðu og virðingu fyrir fjölbreytni.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veggspjald með greinum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.</li> <li>• Stórt pappírblað eða flettistöflupappír og merkipenni til að skrá stigin.</li> <li>• Pappírblöð (A4) og pennar fyrir teikningar hópanna, eitt blað á hvern hóp í hverri umferð leiksins.</li> <li>• Límband eða teiknibólur til að festa upp teikningarnar.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notaðu stytta útgáfuna af Mannréttindayfirlýsingunni og ljósritaðu hana á stórt pappírblað.</li> <li>• Veldu réttindin sem þú vilt að hópurnir fjalli um og gerðu lista til að nota í leiknum.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Láttu þátttakendur skipta sér í fjögurra til fimm manna hópa og velja nöfn á lið sín.
2. Útskýrðu fyrir þeim að í verkefninu eigi þeir að vinna saman í liðum. Þú lætur einn þátttakanda í hverju liði fá grein úr mannréttindayfirlýsingunni sem hann á að teikna. Hinir í liðinu eiga að giska á hvaða grein það er. Liðið sem giskar fyrst rétt fær stig. Liðið sem er með flest stig í lokin vinnur.
3. Segðu liðunum að ná sér í nokkur pappírblöð og blýant og finna sér stað til að setjast niður í stofunni. Liðin verða að vera dreifð svo að þau heyri ekki hvert í öðru.
4. Kallaðu upp einn þátttakanda úr hverju liði. Gefðu þeim ein af réttindunum á listanum, til dæmis „réttinn til að sæta ekki pyndingum“ eða „réttinn til lífs“.

5. Segðu þeim að fara aftur í sinn hóp og teikna mynd sem táknar viðkomandi rétt og láta félagi sína giska á hver hann er. Þeir mega bara teikna myndir; ekki má nota neinar tölur eða orð. Ekki má segja neitt nema til að staðfesta rétt svar.
6. Hinir í liðinu mega aðeins koma með ágiskanir; þeir mega ekki spyrja spurninga.
7. Eftir hverja umferð skaltu biðja alla teiknarana að skrifa á teikninguna hver rétturinn var, hvort sem þeir luku henni eða ekki, og leggja blaðið til hliðar.
8. Farðu aðra umferð; tilnefndu nýja teiknara og láttu þá fá annað dæmi um réttindi. Farðu sjö eða átta umferðir. Nýr teiknari á að vera í hverri umferð. Reyndu að tryggja að allir fái að teikna að minnsta kosti einu sinni.
9. Í lokin skaltu biðja hópana að festa upp myndirnar sínar svo að hægt sé að bera saman mismunandi túlkanir og myndir af ólíkum réttindum og ræða þær.

## Samantekt og mat

Byrja ætti á því að skoða verkefnið sjálft og ræða síðan hvað þátttakendur vita um mannréttindi.

- Var það auðveldara eða erfiðara en þátttakendur héldu að teikna mannréttindi?
- Hvað réð því hvernig þeir teiknuðu tiltekin réttindi? Hvaðan fengu þeir hugmyndirnar?
- Er eitthvað líkt með hinum ýmsu myndum af sömu réttindum? Á hve marga ólíka vegu voru sömu hugmyndirnar túlkaðar?
- Þegar allar myndirnar hafa verið skoðaðar ætti að spyrja þátttakendur hvað leikurinn hafi leitt í ljós um þekkingu þeirra á mannréttindum – hve mikið eða lítið þeir vissu.
- Halda þeir að mannréttindi skipti einhverju máli fyrir líf þeirra sjálfra? Hvaða réttindi?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Áður en farið er í þetta verkefni ætti leiðbeinandinn að lesa Mannréttindayfirlýsingu SP (bls. 403) og kynna sér í hverju mannréttindi felast; til dæmis að þau gilda um allan heim, þau eru vernduð með lögum, með þeim er lögð áhersla á virðingu mannsins, þau vernda bæði einstaklinga og hópa, þau verða ekki af mönnum tekin, þau eru jöfn og gagnvirk og þau eru algild.

Ákveða þarf hvernig skuli nota veggspjaldið. Ef þátttakendur vita mjög lítið um Mannréttindayfirlýsingu mátti sýna spjaldið áður en verkefnið hefst svo að þeir fái einhverja hugmynd um það sem giska skal á! Ef þátttakendur vita meira ætti að nota spjaldið í lokin til að hvetja til umræðna um réttindi sem voru ekki teiknuð.

Hafa skal í huga að þeir sem telja sig litla listamenn gætu álitid þetta of erfitt. Fullvissa verður þá um að hér sé ekki verið að leita að meistaraverkum og hvetja alla til að láta slag standa. Þetta gæti komið þeim þægilega á óvart!

Nota skal stytta útgáfuna af Mannréttindayfirlýsingu SP til að finna réttindi til að teikna. Nokkrar tillögur: rétturinn til lífs, að sæta ekki pyndingum, til sanngjarnrar málsmeðferðar fyrir dómi, til að sæta ekki mismunun, til einkalífs, til menntunar, að vera ekki hneptur í þrældóm, félagafrelsi, tjáningarfrelsi, skoðanafrelsi, rétturinn til ríkisfangs, hugsana- og trúfrelsi, kosningarétturinn, réttur til vinnu, réttur til heilbrigðis, eignarrétturinn, réttur til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu og rétturinn til að velja sér maka.

## Lykildagsetning

10. desember

Alþjóða mannréttindadagurinn

## Tilbrigði

Ef átta manns eða færri eru í hópnum er hægt að láta hann leika leikinn sem einn hóp; einn byrjar að teikna og sá sem giskar rétt teiknar næst o.s.frv.

## Tillögur um framhald

Hópurinn gæti haldið áfram og fjallað um mál sem tengjast réttindum fólks með fötlun og notað verkefnið „Sjáðu hvað þú getur!“ á bls. 213.